

SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 136/723
komudagur 13.1.2009

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. janúar 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 192. mál


Samkvæmt tillögunni mun Alþingi álykta um að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi, eins og það er orðað í þingskjalinu.

Íslendingar hafa náð gríðarlegum árangri á sviði náttúruverndar, en eins og fram kemur í þingskjalinu hafa nú þegar um 20% af flatarmáli Íslands verið friðlýst. Hækka má þessa tölu í 30-40% ef allt er talið með, þ.á m. svæði á náttúruminjasrá og vatnsverndarsvæði Mývatns. Á sama tíma er þessi tala um 10% í Svíþjóð og Finnlandi en stefnan í báðum löndum hefur verið tekin á 15%. Nýja-Sjáland, sem þykir hvað lengst hafa seilst í þessum eignum, hefur skilgreint um 22% af landsvæði sínu sem náttúruverndarsvæði.

Hér er hins vegar rétt að minna á það starf sem nú fer fram við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem ljúka á fyrir árslok 2009, en þeirri vinnu er jafnframt ætlað að mynda grunn að áætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Á umhverfisþingi árið 2007 var í sambandi við náttúruverndaráætlun m.a. rætt um ýmis svæði sem til umfjöllunar eru í tengslum við rammaáætlun. Einhver dæmi eru um slíka skörun við það verkefni í því þingskjali sem hér er til umfjöllunar. Ekki er hins vegar æskilegt að á vegum stjórnvalda sé unnið að um margt tengdum verkefnum á tvennum forsendum samtímis.

Með tilliti til þessa er hér mælt til að frestað verði afgreiðslu þingsályktunarinnar, þar til gerð rammaáætlunar er lokið. Fram kemur í athugasemdum með tillögunni að ekki hafi unnist tími til að fara með efni hennar í almennt kynningar- og athugasemdaferli eins og kynnt hafi verið, m.a. á umhverfisþingi í október 2007. Nægur tími er hins vegar til stefnu fyrir slíkt ferli, þar sem kynning og umfjöllun á umhverfisþingi í október 2009 gæti m.a. komið við sögu.

Ennfremur telur Samorka rétt að vekja athygli á mikilvægi faglegra og vel ígrundaðra vinnubragða við gerð náttúruverndaráætlunar. Viða skortir á grunnrannsóknir eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni sjálfri og því má jafnvel ætla að víða sé verið leggjá til friðlýsingu til þess að síðar verði hægt að rannsaka umrædd svæði. Í þessu samhengi er gott samstarf við hagsmunaaðila ekki síst mikilvægt. Í tillögunni eru hins



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

vegar dæmi um alvarlegan skort á slíku samstarfi. Þannig er að verulegu leyti vikið frá niðurstöðu sérstakrar nefndar frá því í mars 2007 um mörk friðlandsins í Þjórsárverum, en nefndina skipaði umhverfisráðherra á sínum tíma og í henni áttu sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar og þriggja sveitarfélaga á svæðinu. Slík vinnubrögð hljóta að teljast óviðunandi og ekki til þess fallin að skapa sátt um neina niðurstöðu.

Þá ber að geta þess að víða liggja flutnings- eða dreifikerfi raforku um eða í útjaðri þeirra svæða sem lögð er til friðlýsing á. Leggja verður áherslu á mikilvægi þess að friðlýsingarskilmálar geri ráð fyrir að hægt verði að sinna viðhaldi, endurnýjun og styrkingu þessara kerfa. Enn fremur getur þurft að heimila að reist verði ný flutnings- og dreifikerfi á umræddum svæðum, ef þörf krefur til þess að hægt verði að tengja ný mannvirki við raforkukerfið.

Loks ber að gjalda almennan varhug við því að óþarflega geyst sé farið í verndun einstakra svæða eða plöntu- eða dýrategunda, slík lagasetning verður að vera framkvæmanleg í reynd. Hvernig eiga t.d. garðeigendur á Vesturlandi að umgangast reyniglæðu, sem skv. tillögunni ber að flokka þannig að hún þarfnist verndar? Skv. þingskjalinu er umrædda tegund að finna í gördum á Vesturlandi. Er jafnvel hægt að ætlast til að almennir garðeigendur þekki viðkomandi fléttutegund í sjón? Ef ekki, hver er þá tilgangurinn með þessari verndun?

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri